

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík



Reykjavík 4. maí 2015
UST201504-170/B.S.
10.05.08

Efni: Mat á umhverfisáhrifum – Gönguskarðsvirkjun. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 27. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Hér er um að ræða endurnýjun fyrri virkjunar, þ.e. stíflu og inntaksmannvirkja og lagningu nýrrar aðrennslispípu og byggingu nýs stöðvarhúss.


Fyrirhuguð framkvæmdasvæði hefur þegar verið raskað með efnistöku, vegagerð o.fl. Stöðvarhús mun verða lítt sýnilegt. Umhverfisstofnun telur að helstu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar gætu orðið vegna lagningu aðrennslispípu. Á viðkvæmasta hluta leiðarinnar, þ.e. í gili neðan stíflu hefur áður verið lögð svipuð pípa. Ráðgert er að grafa fyrirhugaða pípu niður þannig að ummerki í giliu gætu orðið nokkur.

Þótt umgengni í næsta nágrenni fyrirhugaðra framkvæmdasvæða sé ekki eins og best verður á kosið gæti vandaður frágangur dregið verulega úr sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar. Umhverfisstofnun vill í þessu sambandi benda á frágang pípuleiðar á Fjarðarheiði sem að áliti stofnunarinnar hefnast nokkuð vel.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfiáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri